

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 20/95
frá 5. apríl 1995**

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var síðast breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/94 frá 2. desember 1994 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn⁽¹⁾.

Sjöunda tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/21/EB frá 30. maí 1994 um ákvæði varðandi sumartíma⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi fyrrsögn og liður komi aftan við lið 68a (tilskipun ráðsins 91/670/EBE) í XIII. viðauka við samninginn:

„VII. ANNAD

68b. 394 L 0021: Sjöunda tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/21/EB frá 30. maí 1994 um ákvæði varðandi sumartíma (Stjtið. EB nr. L 164, 30. 6. 1994, bls. 1).“

(¹) Stjtið. EB nr. L 339, 29. 12. 1994, bls. 89 og EES-viðbætir við Stjtið. EB nr. 53, 29. 12. 1994, bls. 26.

(²) Stjtið. EB nr. L 164, 30. 6. 1994, bls. 1.

2. gr.

Fullgiltur texti sjöundu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/21/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. maí 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 5. apríl 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Benavides

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Sucker